

# Samningur

## mennta- og barnamálaráðuneytis

### við Myndlistaskólann í Reykjavík ses.

Mennta- og barnamálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneytið, og Myndlistaskólinn í Reykjavík ses, kt. 460269-4079, í samningi þessum nefndur MíR, gera með sér svofelldan samning:

#### 1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- Styrkja stóðir lista í víðu samhengi og styðja við framboð í listnámi á framhaldsskólastigi.
- Rekinn verði viðurkenndur skóli á framhaldsskólastigi með fjölbreytt nám á sviði myndlistar, hönnunar og handverks, lista- og menningarsögu.
- MíR búi nemendur undir háskólanám í list- og hönnunargreinum og jafnframt flestum greinum hug- og félagsvísinda og veiti almennan undirbúning undir fjölbreytt störf á breiðu sviði menningar, afþreyingar og þjónustu.
- MíR bjóði nemendum með þroskahömlun sem lokið hafa starfsbrautum í framhaldsskóla upp á spennandi og fjölbreytt myndlistarnám.
- Tryggja framgang stefnu, sbr. fjármálaáætlun á málefnasviði 20 - Framhaldsskólastig, í málaflokki 20.1 - Framhaldsskólar.

1.2. Starfsemi og verkefni:

- MíR er einkaskóli sem hlaut þann 24. febrúar 2021 viðurkenningu Menntamálastofnunar til kennslu á framhaldsskólastigi til þriggja ára. Um starfsemi skólans fer, eftir því sem við á, samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og reglugerðum sem settar eru með stöð í þeim, einkum reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 426/2010.
- MíR veitir nemendum og kennurum þjónustu og aðbúnað sem er nauðsynleg og almennt tíðkast vegna náms í myndlistar, handverks- og hönnunargreinum.
- Miða skal við að heildarfjöldi ársnemenda MíR sé að hámarki 118 á skólaári á gildistíma samnings. Ársnemandi er sá sem skilar 30 námseiningum á önn eða 60 námseiningum á skólaári. Framangreind skilgreining á ársnemenda á ekki við um nemendur með þroskahömlun eftir því sem við á. Fari fjöldi ársnemenda yfir 118 mun framlag ríkisins ekki hækka umfram það sem tilgreint er í 4. gr.
- Fari fjöldi ársnemenda undir 110 skulu samningsaðilar endurskoða samninginn m.t.t. fjárframlags, sbr. 4. gr.
- MíR starfar samkvæmt skólanámskrá sem skal vera í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla, s.s. að kenna eftir staðfestum námsbrautum.
- Kennsla samkvæmt samningi þessum skal fara fram í húsnæði sem uppfyllir faglegar kröfur til kennslu í myndlist, handverks- og hönnunargreinum.
- MíR mun á samningstímanum innleiða aðferðir til að meta árangur og gæði skólstarfsins í samræmi við 41. gr. laga um framhaldsskóla og skulu þær liggja fyrir í lok árs 2024.

1.3. Námskrár og námsframboð:

- MíR býður upp á námsframboð í listum fyrir fjölbreyttan nemendahóp.
- MíR kennir á grundvelli staðfesta námsbrauta í sjónlistum.
- Námskrá MíR skal vera birt á heimasíðu skólans.
- Eftirtalдар brautir MíR falla undir þennan þjónustusamning:

- Listnámsbraut til stúdentsprófs, viðmiðunarfjöldi samkvæmt samningi þessum eru 32 nemendur miðað við skólaár og ársnemendauppgjör.
- Undirbúningsnám/fornám á framhaldsskólastigi meðal annars fyrir nemendur er hyggjast sækja háskólanám, viðmiðunarfjöldi samkvæmt samningi þessum eru 32 nemendur miðað við skólaár og ársnemendauppgjör.
- Viðbótarnám við framhaldsskóla. Fjórar námsbrautir á fjórða hæfniprepi, þ.e. keramik, textill, málun og teikning, og er viðmiðunarfjöldi samkvæmt samningi þessum 48 nemendur miðað við skólaár og ársnemendauppgjör.
- Myndlistarnám fyrir þroskahamlaða sem lokið hafa starfsbrautum í framhaldsskóla, viðmiðunarfjöldi samkvæmt samningi þessum eru 6 nemendur miðað við skólaár og nemendauppgjör.

## 2. Réttindi og skyldur nemenda

- 2.1. Réttindi og skyldur nemenda skulu vera sambærileg ákvæðum í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og skulu útfærð og birt í skólanámskrá.
- 2.2. MíR skal kynna nemendum og hafa á vefsíðu sinni greinargóðar upplýsingar um réttindi og skyldur nemenda, þar á meðal leiðbeiningar um málskotsrétt þeirra, gjaldtökureglur, fyrirkomulag náms, skólanámskrá og próftökureglur.
- 2.3. Innritun nemenda er á ábyrgð skólans, sbr. 32. gr. laga um framhaldsskóla.
- 2.4. MíR skal halda rafrænt nemendabókhald sem getur látið miðlægu kerfi opinberra framhaldsskóla í té nöfn og kennitölur nemenda skólans, skráningu þeirra í áfanga, einkunnir þeirra og skólasókn, á hverri önn, sbr. reglugerð um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólahald, aðra kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur nr. 235/2012.
- 2.5. Innheimti MíR gjald af nemendum vegna þeirrar þjónustu sem samningur þessi fjallar um skal ástæða gjaldtöku útskýrð og birt ásamt gjaldskrá á áberandi stað á vef hans. Ætli MíR að hækka gjöld umfram verðlagshækkun eða leggja á ný gjöld skal hann fyrst óska eftir samþykki ráðuneytisins. Verði hækkun samþykkt skal MíR kynna þær fyrir nemendum með góðum fyrirvara og útskýra ástæður hækkunar.

## 3. Forsendur sammings og lagaheimildir

- 3.1. Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki fjármála- og efnahagsráðherra skv. 1. mgr. 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015 (hér eftir „LOF“.)
- 3.2. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 40. gr. LOF og 3. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla.
- 3.3. Þjónustan sem samningur þessi kveður á um fellur undir stefnu ráðherra í málaflokki 20.1 - Framhaldsskólar, sbr. 20. gr. LOF.
- 3.4. MíR starfrækir framhaldsskóla, sem hefur hlotið viðurkenningu einkaskóla til kennslu á framhaldsskólastigi, sem skal starfa í samræmi við lög um framhaldsskóla, að undanskildum II. kafla laganna, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem ráðuneytið gefur út á grundvelli þeirra.
- 3.5. Um mat og eftirlit með gæðum starfs í MíR sem ráðuneytið hefur eftirlit með fer samkvæmt VII. kafla laga um framhaldsskóla.
- 3.6. MíR skal hafa gilda viðurkenningu skv. 12. gr. laga um framhaldsskóla, sbr. einnig reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 426/2010. Þá er það jafnframt forsenda þessa sammings að slík viðurkenning sé gild á öllum gildistíma sammingsins.
- 3.7. MíR starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem eiga við um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á, eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðilar en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu

leyti af framlögum ráðuneytisins, t.d. lög um opinber innkaup nr. 120/2016, sbr. a. liður 1. mgr. 3. gr. laganna.

#### 4. Framlag

- 4.1. Heildarfjárskuldbinding ráðuneytisins samkvæmt samningnum er 542.340.600 kr. og af því er framlag fyrir árið 2023 samtals 45.195.050 kr. Framlög samkvæmt samningi þessum tekur breytingu samkvæmt verðlagsuppfærslu fjárlaga.
- 4.2. Árlegt framlag, skv. 4.1. gr., skiptist í 12 jafna hluta og verða greiddar 15.065.017 kr. fyrsta bankadag hvers mánaðar. Greitt verður inn á bankareikning viðskiptabanka MÍR enda uppfyllir samningshafi öll skilyrði og kröfur sem samningur þessi kveður á um sem og samkvæmt opinberum lögum og reglum.
- 4.3. Leiði nemendauppgjör á öllum brautum nema myndlistarnámi fyrir þroskahamlaða í ljós að ársnemendur eru færri en 104, mun ráðuneytið draga frá sem nemur 1.500.000 kr. á skólaársgrundvelli fyrir hvern nemanda sem upp á kann að vanta.
- 4.4. MÍR á ekki rétt á hærra framlagi en ákveðið er til hans skv. samningi þessum, þótt heildarfjöldi ársnemenda sé umfram þann fjölda sem segir í 1.2. gr. í samningi þessum.
- 4.5. Framlag í samningi þessum kemur frá málaflokki 20.1 - Framhaldsskólar og fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 20 – Framhaldsskólastig, sbr. 20. gr. LOF.
- 4.6. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á MÍR ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 20.1 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem fellur undir málaflokk 20.1 og hjá MÍR. Komi til lækkunar á fjárveitingu til verkefnisins skulu samningsaðilar taka upp viðræður um að aðlaga verkefnið að breyttri fjárveitingu. Allar breytingar á ákvæðum samnings þessa skulu aðilar gera skriflega í viðauka.
- 4.7. Fjárhagsleg ábyrgð ráðuneytisins vegna þess verkefnis og reksturs sem samningur þessi tekur til takmarkast við þær fjárhæðir sem samningurinn kveður á um.

#### 5. Ábyrgð og skyldur MÍR

- 5.1. MÍR ber ábyrgð á að þjónusta við nemendur sé fagleg og fullnægi kröfum um gæði og sé í samræmi við lög. Hann skal geta lagt fram gögn og skýrslur um innra mat, skv. 40. og 41. gr. laga um framhaldsskóla, því til staðfestingar.
- 5.2. MÍR ber ábyrgð á úrlausn mála gagnvart nemendum, starfsmönnum sínum, birgjum og ráðuneytinu.
- 5.3. MÍR á rétt á að kaupa þjónustu af verktökum vegna afmarkaðra þátta í rekstri skólans, en slík kaup leysa hann þó ekki undan ábyrgð á framkvæmd samningsins. Ekki skal gera minni kröfur til verktaka en gerðar eru til skólans í samningi þessum.
- 5.4. MÍR ber að gæta þess að útgjöld séu í samræmi við tekjur og gæta ráðdeildar í rekstri. Tekjum sem verða til í tengslum við samninginn er einungis heimilt að verja til þeirrar þjónustu sem hann nær til.
- 5.5. MÍR er óheimilt að:
  - a. Efna til óvenjulegra ráðstafana í fjármálum eða skuldbindinga sem verulegar líkur eru á að stofni framkvæmd samningsins í hættu eða bitni á námi og nemendum sem samningurinn tekur til.
  - b. Veita önnur lán en þau sem tengjast rekstri skólans. Lán skulu ekki vera með lakari kjörum en almennt gilda í sambærilegum viðskiptum.
  - c. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
  - d. Framselja, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997.

- e. Greiða út arð til hluthafa eða lækka hlutafé með endurkaupum.
- 5.6. Auk lögboðinna trygginga kaupi MÍR frá upphafi samnings aðrar nauðsynlegar skaðabóta- og vátryggingar vegna rekstrarins þar á meðal vegna tjóns, sem veldur því að rekstur hans stöðvast.
- 5.7. MÍR er sjálfseignarstofnun og um meðferð mála varðandi samningsgerð og lánveitingar fer því eftir sambærilegum reglum og kveðið er á um í 72. og 104. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

## 6. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

- 6.1. Ráðuneytið fer með eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 6.2. MÍR skilar ráðuneytinu:
  - a. Rekstraráætlun ásamt bráðabirgðauppgjöri fyrir lok september ár hvert.
  - b. Starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok september ár hvert.
  - c. Hálfis árs uppgjör fyrir lok desember ár hvert.
  - d. Upplýsingum um ný verkefni eða breytingar sem kunna að verða á rekstri MÍR.
  - e. Endurskoðaðan ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok september ár hvert.
- 6.3. Skólastjóri kemur fram fyrir hönd skólans og hefur fullt umboð til að taka allar ákvarðanir vegna þess rekstrar sem felst í umsömdu verkefni.
- 6.4. MÍR á rétt á leiðbeiningum frá ráðuneytinu.
- 6.5. Eigi MÍR í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila, svo sem stjórnenda hans eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.
- 6.6. Fulltrúar ráðuneytis og MÍR funda að lágmarki árlega um samninginn að frumkvæði ráðuneytisins.
- 6.7. Fyrir lok febrúar ár hvert skilar MÍR ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins, hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samburði við áætlun. Einnig skal gera grein fyrir mælikvörðum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar árangri á framkvæmd samnings þessa.
- 6.8. MÍR veitir ráðuneytinu allar upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins eða vegna opinberrar upplýsingagjafar. Ráðuneytið hefur heimild til að kanna aðstæður á vegum MÍR þar sem þjónusta samkvæmt þessum samningi er veitt, auk þess að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skrám, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum.
- 6.9. Samning þennan, ársreikning MÍR, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef MÍR jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 6.10. MÍR setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir samningsins, svo sem skýrslur, fræðsluefni og leiðbeiningar.
- 6.11. Ríkisendurskoðun hefur heimild til að krefjast tiltekinna reikningsskila af MÍR, og skal MÍR afhenda Ríkisendurskoðun gögn sé eftir því leitað, sbr. lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ársreikninga nr. 46/2016.

## 7. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 7.1. MÍR tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir stofnunin frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.

- 7.2. Ráðuneytinu er heimilt að fresta, draga úr, stöðva eða halda eftir greiðslum uppfylli MíR ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 7.3. Ráðuneytinu er heimilt að rifta samningi þessum eða endurkrefja um greiðslur, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu, uppfylli MíR ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 7.4. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 7.5. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 8. Bókhald og fjárreiður

- 8.1. Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi MíR vegna samnings þessa aðgreindu frá öðrum fjárreiðum, bókhaldi og eignum MíR.
- 8.2. Að því leyti sem MíR fæst við önnur verkefni en felast í framkvæmd þjónustusamnings þessa skal gera grein fyrir fjárreiðum þeirra í ársreikningi MíR.
- 8.3. Á samningstíma skal MíR viðhalda fullnægjandi lánsþæfismati þ.e. að viðhalda veltufjárlutfalli upp á 1 eða hærra.

## 9. Gildistími og lok samnings

- 9.1. Samningurinn er til 3ja ára og gildir frá 1. október 2023 til 30. september 2026.
- 9.2. Við lok samnings skal fara fram sérstök úttekt á vegum ráðuneytisins á framkvæmd samningsins þar sem metið skal hvernig til hafi tekist á samningstímanum, eins og nánar er kveðið á um í 20. gr. reglugerðar um undirbúning, gerð og eftirfylgni samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni nr. 643/2018.
- 9.3. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 9.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 9.5. Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og fjármála- og efnahagsráðuneytið einu.

Reykjavík, 13. maí 2024

---

Ásmundur Einar Daðason  
mennta- og barnamálaráðherra

---

Áslaug Thorlacius  
f.h. Myndlistaskólans í Reykjavík

---

fjármála- og efnahagsráðherra  
Samningur staðfestur  
skv. 1. mgr. 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015